

## ✉ Re: Ósk um umsögn, skipulags- og matslýsing breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar Örlygshafnarvegur

Búið til	18.5.2020 15:37:04
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.5.2020 15:37:03
Tilheyrir	📁 202005-0002 - Örlygshafnarvegur. Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018- Skipulags- og matslýsing

### Efni

Re: Ósk um umsögn, skipulags- og matslýsing breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar Örlygshafnarvegur

### Upplýsingar

Sent	18.5.2020 15:37:03	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	oskar@landmotun.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020050002 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Vesturbyggð, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna legu Örlygshafnarvegur um Hvallátur.

Náttúrufræðistofnun hefur áður sent inn ábendingu um texta við mynd 3 í lýsingunni, sjá meðfylgjandi tölvupóst hér að neðan. Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera aðrar athugasemdir við framangreinda lýsingu en vísar í skýrslu Vegagerðarinnar ásamt viðaukum, „**Kynning framkvæmda, Örlygshafnarvegur (612-03/04) Um Hvallátra í Látravík, Vesturbyggð, apríl 2020.**“ og umsögn Náttúrufræðistofnunar við hana, sjá meðfylgjandi umsögn.

#### Umsögn Náttúrufræðistofnuarn dags. 18. maí 2020:

„Tilvísun í málsnr. 2020040040 (BK, RT, TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 29. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd við Örlygshafnarveg um Látravík í Vesturbyggð skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða 1,75 km veglínu sem liggur um svæði á náttúruminjaskrá nr. 307 og nýtur hverfisverndar. Rétt er að taka fram að Náttúrufræðistofnun vann skýrslu um gróðurfar og fuglalíf á framkvæmdasvæðinu fyrir Vegagerðina.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tilkynningu, ásamt viðaukum, og telur að í henni komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmdina og þau áhrif sem hún kann að hafa á þá þætti sem eru á verksviði Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þau atriði í skýrslunni sem snúa að úttekt stofnunarinnar þ.m.t. niðurstaðna og ábendinga s.s. um mögulega tilfærslu á veglínunni, vegna rituflugs, sem fjallað er um í tilkynningunni.

Um er að ræða tiltölulega stuttan vegkafla, vissulega á viðkvæmu svæði, þar sem öll nauðsynleg gögn liggja fyrir og ekki margir veglínukostir í stöðunni. Náttúrufræðistofnun telur ekki, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nýr vegur, eins og honum er lýst í tilkynningunni og að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Mikilvægt er á þessu svæðið að öllu raski sé haldið í lágmarki og vandað til frágangs.“

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



**Póstur frá Náttúrufræðistofnun dagsettur 5. maí sl. og svar Vesturbyggðar:**

Jú þetta er rétt hjá þér. Ný veglína kemur hornrétt á veginn

**From:** Trausti Baldursson - NI <[Trausti.Baldursson@ni.is](mailto:Trausti.Baldursson@ni.is)>  
**Sent:** þriðjudagur, 5. maí 2020 11:47  
**To:** Óskar Örn Gunnarsson <[oskar@landmotun.is](mailto:oskar@landmotun.is)>  
**Subject:** Re: Ósk um umsögn, skipulags- og matslýsing breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar Örlygshafnarvegur

Sæll Óskar, getur verið að textinn undir mynd 3 sé ekki réttur?

Á mynd 1 er sýnd gildandi veglína, svört, og tillaga að nýrri, rauð.

Á mynd 2 er sýnd gildandi veglína skv. deiliskipulagi, svört.

Á mynd 3 er sýnd gildandi veglína í deiliskipulagi, svört, og tillaga að nýrri veglínu, rauð, **en sú rauða virðist vera sú sama sem sýnd er á mynd 2 þ.e. sú samþykkt?** (vona að ég hafi ekki ruglað þessu 😊 )

kv.

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)

**From:** "Óskar Örn Gunnarsson" <oskar@landmotun.is>  
**To:** "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Magnus A. Sigurdsson" <minvest@stykkiholmur.is>; "jonpet@simnet.is" <jonpet@simnet.is>  
**CC:** "elfar@vesturbyggd.is" <elfar@vesturbyggd.is>  
**Subject:** Ósk um umsögn, skipulags- og matslýsing breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar Örlygshafnarvegur  
**Date:** 4.5.2020 10:25:06

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 sem snýr að breytingu á legu Örlygshafnarvegur um Hvallátur.

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku.

M.kv.

Óskar Örn Gunnarsson  
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)